



## Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -10. janúar 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Ljósleiðari**

Lokið er við lagningu ljósleiðara í dreifbýli Blönduós. Lokið hefur verið við að tengja öll hús sem óskuðu eftir tengingu við ljósleiðara. Um er að ræða 30 fasteignir í dreifbýlinu. Lokið er við að blása ljósleiðara innanbæjar til að tengja nýja ljósleiðarann við símstöð. Míla hefur ekki enn lokið við að setja upp endabúnað í símstöð vegna tafa frá framleiðanda. Samkvæmt upplýsingum frá Mílu er stefnt að því að setja upp endabúnaðinn í þessari viku. Í framhaldi að því mun Blönduósbær sækja eftirstöðvar styrksins frá Fjarskiptasjóði og hefja útboðsferli á ljósleiðarakerfinu.

- **Framkvæmdir**

- Bætt var úr hljóðvist í stofu 9 í Blönduskóla í jólafríinu en stofan var sú eina sem ekki voru neinar plötur til að draga úr hávaða eins og eru í öðrum stofum í skólanum. Ákveðið var að setja kerfisloft í stofuna og var verkið unnið í jólafrí skólans.
- Blönduósbær hefur tekið við hluta af húsinu að Ægisbraut 1 og mun þjónustumiðstöð Blönduósbæjar flytja þangað. Verið er að skoða með hvaða hætti best sé að koma starfsseminni fyrir miðað við þarfir starfsseminnar. Byrjað verður á að fækka veggjum í húsinu og gólf og veggir málaðir. Stefnt er að því að flytja í byrjun febrúar og afhenda húsið



að Efstabraut 2 um miðjan febrúar. Stefnt er að því að Blönduósþær taki við öllu húsinu um miðjan apríl.

- Unnið hefur verið með hönnuðum að útvegum gagna og upplýsinga vegna fyrirhugaðrar byggingar hótels við Félagsheimilið. Mæla þurfti húsið inní kortagrunn bæjarins auk þess sem teknar voru saman upplýsingar um veitur á svæðinu. Samskiptin hafa verið við Tark en það er teiknistofa Gísla Halldórssonar sem teiknaði Félagsheimilið á sínum tíma.
- Framkvæmdir við þennan áfanga á viðgerð Blöndubrúar eru á lokastigi. Eftir er að steypa þekjuna á helming af akstursleið brúarinnar og er beðið eftir heppilegu veðri til þess en það þarf að lágmarki 2 góða hlýindardaga til að ná að steypa það. Búið er að rannsaka brúnna ítarlega að öðru leiti og liggur það fyrir að ljúka þarf því að brjóta eldra yfirborð í burtu og steypa nýjan kant að norðanverðu. Ekki liggur fyrir hvenær ráðist verður í þá framkvæmd en hún er talin vera afar brýn til að tryggja að skemmdirnar nái ekki niður í stoðvirki brúarinnar.
- **Álagning fasteignagjalda**  
Á næstu dögum mun verða gengið frá álagningu fasteignagjalda ársins 2017. Nýir stofnar liggja fyrir og er lækkun þeirra um 3,5% á milli ára.
- **Sala íbúða**  
Seldar voru tvær fasteignir á árunu 2016. Efstabraut 2, þjónustumiðstöð og Skúlabraut 37 sem gengið var frá sölu á í lok desember. Búið er að samþykkja kauptilboð í Skúlabraut 29.
- **Nýr byggingafulltrúi**  
Nýr byggingafulltrúi, Þorgils Magnússon kom til starfa í byrjun janúar. Hann hefur verið ráðinn í 70% starf. Þorgils er að vinna að mörgum verkefnum sem



hann vill ljúka áður en hann ræður sig í 100% starf. Hann mun starfa 5 daga vikunnar á skrifstofu Blönduósþéjar.